

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Gjafasjóð Sjúkrahússins á Akureyri.

1. gr.

Heiti.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og heitir Gjafasjóður Sjúkrahússins á Akureyri, kt. 490514-0230 og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur. Sjóðurinn skal vera óháður fjárhag, rekstri og lögbundinni stöðu sjúkrahússins.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimili og varnarþing er á Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAk).

3. gr.

Markmið.

Markmið sjóðsins er að styrkja starfsemi SAk til hagsbóta fyrir sjúklinga og starfsfólk. Því skal náð með því að veita úr honum fé til:

- Kaupa á lækningatækjum og öðrum búnaði fyrir sjúkrahúsið.
- Annarra verkefna sem stjórn sjóðsins metur brýnust á hverjum tíma.
- Sjóðnum má skipta upp í deildir og verkefni.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnandi sjóðsins er Sjúkrahúsið á Akureyri, kt. 580269-2229, sem leggur fram kr. 2.000.000 í stofnfé, auk annarra fjármuna sem voru í vörslu Gjafasjóðs FSA, kt. 451089-2699, við stofnun Gjafasjóðs Sjúkrahússins á Akureyri. Gjafasjóður FSA var aflagður við stofnun Gjafasjóðs Sjúkrahússins á Akureyri.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2.000.000 sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt. Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hann kann að eignast síðar. Stofnandi hefur engin sérréttindi í sjóðnum.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum sem stjórn Hollvinasamtaka Sjúkrahússins á Akureyri skipa, sbr. 9. gr., ásamt 3 mönnum til vara.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt öðrum umboð. Sjóðstjórn tekur ákvarðanir um hvernig ráðstafa skuli fé sjóðsins (sjá 9. gr.) að höfðu samráði við framkvæmdastjórn sjúkrahússins. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum. Stjórnin þiggur ekki laun fyrir störf sín.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Bókhald og fjárvarsla.

Bókhald, fjárvörslu og daglega umsýslu annast skrifstofa fjármála á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

9. gr.

Tekjur.

Tekjur sjóðsins eru:

Gjafir og framlög til sjóðsins og Sjúkrahússins á Akureyri.

Fjármunir sem Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri leggja til sjóðsins. Þeim framlögum skal haldið til haga sem sérstakri deild innan sjóðsins.

Vaxtatekjur.

Aðrar tekjur.

Fjármunum sem aflað hefur verið af, eða þeir gefnir einstökum deildum SAK, skulu að jafnaði renna til þeirra.

Stjórninni er skylt að tryggja sem mesta ávöxtun stofnfjár og tekna án þess að stofna fê sjóðsins í hættu.

10. gr.

Endurskoðendur.

Löggiltum endurskoðanda skal falið að endurskoða ársreikninga gjafasjóðsins.

11. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal liggja fyrir eigi síðar en 30. júní ár hvert.

12. gr.

Breyting samþykkt, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

13. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskráin var samþykkt á fundi stjórnar Gjafasjóðs Sjúkrahússins á Akureyri þann 5. júní 2019 og kemur í stað skipulagsskrár nr. 342/2014, sbr. nr. 739/2016.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 11. september 2019,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.